



**Rannsóknir á Fljótsdalsheiði 1980.
Kostnaðaryfirlit**

Helgi Gunnarsson, Oddur Sigurðsson

Greinargerð HG-OS-80/05

Í apríl síðast liðinn var haldinn fundur í Iðnaðarráðuneytinu er fjallaði um skipulag rannsókravegna Austurlandsvirkjunar sumarið 1980.

Var þar ákveðið að hafa þá verkaskiptingu á rannsóknum að RARIK hefði umsjón með vinnu ráðgjafaverkfræðistofa og vegagerð, en Orkustofnun Raforkudeild annaðist aðra verkþætti sem að mestu byggjast á borunum.

Komið var á fót hönnunarstjórn til að samræma og hafa eftirlit með framkvæmdum og kostnaði, verður hér greint frá kostnaði við þá verkþætti er ROD hefur haft umsjón með.

Þegar um svo umfangsmikið verk er að ræða er snerta óhjákvæmilega allflesta starfsemi deildarinnar er nánast útilokað að aðgreina verkið bókhaldslega frá annari starfsemi Raforkudeildar. Sérstaklega er erfitt að bókfæra beint á verkið launa- og bifreiðakostnað svo og skrifstofu- og þjónustukostnað.

Þar af leiðir að ekki er mögulegt að sjá beint kostnaðarhlutdeild Austurlandsverkefnisins í vinnulauna- og bifreiðakostnaði en önnur útgjöld eru samkvæmt kostnaðar- og útgjaldabókhaldi Orkustofnunar.

Við útreikning vinnulauna er aðeins reiknuð laun fyrir þær vinnustundir er starfsmenn hafa unnið að verkinu samkvæmt vinnuseðlum, auk 15% álags vegna útréttinga í Reykjavík, tafa o.fl.

Bifreiðakostnaður er reiknaður samkvæmt reynslutölum um meðalakstur, bensínnotkun og viðhald undan farin ár en notkunardagar fengnir úr tækjaskýrslu verkefnisstjóra.

Verkpáttur	Verk- númer	Launa- gjöld	Bifreiða- kostnaður	Eigna- kaup	Frá fyrra ári	Annað 1)	Samtals
Sameiginlegur kostn.	507-000	14.904	10.650	6.951		19.209	51.724
Vinnubúðir	507-200	20.765	4.600	16.447		37.183	78.995
Kjarnaborun	507-511	4.523	9.000			112.973	126.496
Cobaborun	507-510	15.738	5.000	5.995		68	26.801
Lofthorun	507-512		700			11.392	12.092
Watnamælingar	507-311	12.972	(innif. í launum)	2.313			15.285
Kortagerð	507-312	8.287	2.400			15.410	26.097
Verkfræðipjónusta	507-500				8.811	12.811	21.622
Samgöngubætur					1.012	3.000	4.012
Byggingarefni gryfjur	507-514	4.707	1.350				6.057
"Seismik"	507-610	6.177	2.200			6.098	14.475
Jarðfr.kortlagning	507-520	4.565					4.565
Hreindýraathugun	507-318					37.300	37.300
Umhverfisathuganir	507-318					6.400	6.400
Dagpeningar		2.654					2.654
Orlof og launagjöld		21.781					21.781
15% launaálag		17.561					17.561
10% álag á bílakostn.			3.590				3.590
Samtals		134.634	39.490	31.716	9.823	261.844	477.507
						Áætlaðir óbókaðir reikn.	27.168
	(1/11) Sérstök fjárveiting			398.725			
	Ókomin fjárveiting			29.250			
	Framlag ROD			76.700			
				504.675			504.675

1) Bókfært 30. október 1980.

Dags.
1980-11-28
Dags.

Tilv. vor
JB/HT/vp
Tilv. yðar

...
Iðnaðarráðuneytið
Arnarhvoli
101 Reykjavík
...

Varðar: Uppgjör á rannsóknarkostnaði Fljótsdalsvirkjunar 1980.

Meðfylgjandi er greinargerð um rannsóknarkostnað Orkustofnunar við útivinnu sumarið 1980 í sambandi við Fljótsdalsvirkjun. Innifalinn í þessum tölum er einnig annar bókfærður kostnaður á Austurlandi á árinu. Aftur á móti er úrvinnsla Raforkudeildar og undirbúningur rannsókna sýðast liðinn vetur ekki meðtalinn. Á þeim tíma lagði deildin fram töluverða vinnu en hún var ekki sérstaklega skráð þar sem ekki voru þá enn komnar í notkun vinnuskýrslur, sem þetta uppgjör byggir á.

Eins og uppgjórið ber með sér er búið að nota allt það fé, sem áætlað var í verkið í maí í vor og einnig það sem var bætt við í ágúst. Einnig er farið að nota hluta af því fé, sem kemur fyrst til útborgunar eftir áramót en það eru 30 milljónir að frádrögnum lántökukostnaði. Þetta fé verður sennilega allt notað til að greiða reikninga, sem borist hafa og berast eftir 30. október.

Reynt var að halda rannsóknum áfram nú í haust eins lengi og frekast var kostur til þess að ná sem lengst með þær í ár. Þetta hefur valdið því, að ekki er lengur tiltækt fé til úrvinnslu rannsókna innan upphafslegs ramma, sem þó var ætlunin. Í þessu sambandi er rétt að minna á að rannsóknarféð verður ekki allt greitt út fyrir áramót en búið er að ráðstafa því öllu.

Allra virðingarfyllst,

Jakob Björnsson

Haukur Tómasson

Haukur Tómasson

Afrit: Rafmagnsveitur ríkisins